

## Fundargerð

Verknr. 1156

8. fundur svæðisskipulagsnefndar, fjarfundur  
fimmtudaginn 31. ágúst 2017, kl. 16:00-17:15

**Fundarefni:** Umsagnir um drög að svæðisskipulagstillögu og kynning skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga

**Fundarfólk:** Fundurinn var fjarfundur og fulltrúar í hverju sveitarfélagi sátu á skrifstofu síns sveitarfélags og tengdust inn á sameiginlegan skjáfund þar. Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir formaður og Haraldur V. A. Jónsson frá Strandabyggð; Karl Kristjánsson frá Reykhólahreppi og Halla Steinólfsdóttir frá Dalabyggð. Forföll boðuðu Ágúst Már Gröndal frá Reykhólahreppi og Hörður Hjartarson frá Dalabyggð. Einnig sat Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar fundinn og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps sat fyrri hluta hans.

**Fundarstjóri og fundarritari:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir, frá Alta

### Dagskrá:

1. Ábendingar við tillögudrög og afgreiðsla þeirra.
2. Fullvinnsla tillögu til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og kynning.

### 1. Ábendingar við tillögudrög og afgreiðsla þeirra

Drög að svæðisskipulagstillögu voru kynnt óformlega á vef verkefnisins og á vefjum sveitarfélaganna í júlí og ágúst. Þau voru einnig birt á Facebook og auglýsingu um þau dreift þar. Í frétt með tillögudrögnum voru íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér drögin og senda ábendingar fyrir 12. ágúst. Með tilkynningu á Facebook var frestur til ábendinga framlengdur til 16. ágúst. Fjórar umsagnir bárust en fylgjendum Facebook-síðu verkefnisins fjölgaði umtalsvert í sumar og má reikna með að margir hafi skoðað tillöguna þó ekki hafi verið sendar inn fleiri umsagnir. Hér fer á eftir yfirlit yfir helstu ábendingar sem bárust og afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar við þeim. Ekki eru tilgreindar ábendingar sem varða lagfæringar á texta eða minniháttar viðbætur við hann, en við þeim er orðið í flestum tilvikum. Texti er sums staðar endursagður til að stytta hann. Reynt er að halda í merkingu ábendinga eftir bestu getu. Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingarnar og samþykkir að þessi fundargerð verði send hverjum þeirra, með þeim svörum sem hér eru samþykkt af hálfu nefndarinnar við ábendingum.

### Ábendingar frá Breiðafjarðarnefnd

1. Inn í textann vantar ákvæði 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, en þau snúa að verndun vistgerða, vistkerfa jarðminja, vatnasvæða, landslags og víðerna.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Í svæðisskipulagstillögunni eru almennt ekki birtar lagagreinar en eitt af hlutverkum umhverfismats, sem birtist í umhverfisskýrslu, er að kanna samræmi tillögunnar við*

*umhverfisviðmið sem m.a. eiga sér stoð í lögum. Umhverfisskýrsla fylgdi ekki með tillögurögnum en hún verður fylgiskjal með tillögunni á formlegum kynningar- og auglýsingatíma hennar sem framundan er. Einnig er vísað til kafla 9.3 um verndun þar sem markmið sem snúa að verndun vistkerfa og landslags eru dregin saman og birt kort af gildandi verndarstefnu í aðalskipulagi sveitarfélaganna.*

2. Vegna tillagna um mögulegar reið- og gönguleiðir meðfram ströndum á svæðinu ber að hafa í huga að beina fólki á þá staði þar sem aðstaða og þjónusta er fyrir hendi.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Í tillögurögnum er sett fram stefna um svæðisgönguleið á milli þorpanna þriggja, Búðardals, Reykhóla og Hólmavíkur, með viðkomu í Ólafsdal. Þar er því verið að beina ferðamönnum að ganga á milli þjónustustaða. Einnig er sett fram tillaga um reiðleið eftir endilöngu svæðinu og er lega hennar ennþá í þróun. Að öðru leyti tekur svæðisskipulagstillagan ekki á göngu- og reiðleiðum en í aðalskipulagi sveitarfélaganna eru skilgreindar fjölmargar leiðir sem ástæða getur verið til að yfirfara m.t.t. aðstöðu og þjónustu, við næstu endurskoðun aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna.*
3. Í tillögunni ætti að koma fram stefna um frekari skipulagsgerð fyrir eyjar og hafsvæði Breiðafjarðar.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Nefndin telur ekki ástæðu til að tilgreina svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð á þessu stigi. Skoða þarf frekari skipulagsgerð í samhengi við fyrirhugaða lagasetningu um skipulag haf- og strandsvæða, endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna og þá stefnu sem sett er fram í fyrirliggjandi drögum að svæðisskipulagi.*
4. Í drögin vantar eitthvað um vernd jarðminja.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Vísað er til svara við fyrsta punkti að ofan. Svæðisskipulagstillagan fylgir eftir aðalskipulagi sveitarfélaganna hvað varðar verndarsvæði. Við svæðisskipulagsgerðina hafa ekki komið fram tillögur um að setja frekari verndarákvæði vegna jarðminja sérstaklega.*
5. Bent er á að Minjaráð Vesturlands hefur ályktað um nauðsyn húsakönnunar í Breiðafjarðareyjum.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Almenn er ekki fjallað um húsakannanir í svæðisskipulagstillögunni þar sem kveðið er á um slíkar kannanir í skipulagslögum. Vegna þessarar ábendingar verður þó í skipulagstillögunni vakin skýrari athygli á þeim byggingararfi sem er að finna á svæðinu og mikilvægi hans fyrir staðaranda og aðdráttarafl svæðisins.*
6. Kort yfir friðlýst æðarvarp ætti að vera í tillögunni.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Á korti yfir verndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi, sem birt er í 9. kafla tillögudruga, eru merkt inn friðlýst æðarvörp.*

### **Ábendingar frá Jóni Jónssyni**

1. Byggðapróun vantar inn í framtíðarsýnina, að styrkja samfélagið með fjölgun heilsársíbúa.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Í kafla 1.3 í tillögurögnum kemur fram að svæðisskipulaginu sé ætlað að vera verkfæri til byggðapróunar, þ.e. eigin byggðaáætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir*

sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Það er rétt að í lýsingu á framtíðarsýn í 4. kafla er hugtakið byggðaþróun ekki notað en þar er lýst sýn fyrir þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis sem eru þau svið sem hugtakið byggðaþróun nær almennt til. Þannig er leitast við að sækja fram á þessum þremur sviðum með það að markmiði að styrkja byggð sem fyrir er og laða að nýja íbúa.

2. Í tillögunni þarf að koma fram krafa um að ríkisvaldið reki alvöru byggðastefnu þar sem lágmarkspjónusta fyrir íbúa í dreifbýli og á litlum þéttbýlisstöðum er skilgreind.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Fyrst og fremst er litið á svæðisskipulagið sem áætlun þar sem sveitarfélögin setja sér markmið til að vinna að í sameiningu, á þeim áherslusviðum sem áætlunin nær til. Til að þau geti komið til framkvæmda þarf samvinnu við fjölmarga aðila, þ.m.t. ýmsar ríkisstofnanir, sbr. aðila sem tilgreindir eru sem „mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna“ í köflum 6, 7 og 8. Fjöldmörg verkefni teljast nauðsynleg, þar á meðal samvinnuverkefni umræddra sveitarfélaga, þó þau falli utan áherslusviða svæðisskipulagsins. Svæðisskipulagsnefnd tekur undir mikilvægi þess að ríkisvaldið marki skýra byggðastefnu sem tryggir lágmarkspjónustu í dreifðum byggðum og beinir því til sveitarstjórna að koma þeim skilaboðum áfram til ríkisvaldsins.*
3. Leita þarf leiða til að auka samfélagsvitund fyrirtækja.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Svæðisskipulagsnefnd tekur undir þessa ábendingu. Við mótun tillögunnar voru haldnir tveir opnir fundir þangað sem fjöldi aðila var sérstaklega boðaður, þ.m.t. fulltrúar fyrirtækja sem talin voru varða sérstaklega viðfangsefni áætlunarinnar. Í tillögunni er gert ráð fyrir samstarfi við fyrirtæki og samtök í atvinnulífi við framfylgd áætlunarinnar, sbr. aðila sem tilgreindir eru sem „mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna“ í köflum 6, 7 og 8.*
4. Tefla þarf fram leiðum til að efla þéttbýlisstaðina þrjá sérstaklega og fjalla um verslun, húsnæðismál o.fl.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Við upphaf svæðisskipulagsgerðar var ákveðið að takmarka umfang hennar við þrjú áherslusvið; landbúnað, sjávarnyttjar og ferðaþjónustu. Það voru talin þau viðfangsefni sem mikilvægast væri að sveitarfélögin settu um samræmda og sameiginlega stefnu. Þess vegna er ekki fjallað um innra skipulag þéttbýlisstaða heldur gert ráð fyrir að aðalskipulag sinni áfram því hlutverki. Rétt er að þorpin eru ekki tekin fyrir sérstaklega að öðru leyti en því að þau eru skilgreind sem meginþjónustustaðir (svæðisstöðvar) og þess gætt að helstu öku-, göngu- og reiðleiðir liggja þar um. Þannig segir í kafla 8.4. „Miðað verði að því að þjónustuhlutverk þessara staða fyrir íbúa og ferðamenn styrkist og að fjölbreytni þjónustu aukist. Í þeim tilgangi verði t.d. þróaðar göngu-, hjóla-, reið- og kayakleiðir út frá þeim. Þróun hvers þorps m.t.t. sérstöðu sinnar (s.s. jarðhita, þara, salts, galdra, sauðfjár og bænda-/Íslendingasögu) geri þau að ómissandi viðkomustað á ferð um svæðið (sjá þema, söguþræðir, vöruþróun).“ Ennfremur er reiknað með að efling áherslugreina styðji við þorpin jafnt sem sveitir. Leitast verður við að draga þessar áherslur skýrar fram í tillögunni.*

5. Taka ætti þorpin sérstaklega fyrir í samhengi við umfjöllun um ímynd svæða og sjálfsmynd íbúa. Kynningu svæðisins gagnvart íbúum þarf að samhæfa ekki síður en gagnvart ferðafólki.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Við mótun svæðismarks var leitast við að draga fram samnefnara svæðisins og voru „hlunnindi“ talin geta verið sá samnefnari. Undir þeim sameiginlega hatti er fjölbreytni svæðisins jafnframt dregin fram og m.a. bent á að þar megi finna dæmi um íslensk þorp; bæði sveitaþorp og sjávarþorp. Tillagan gerir ráð fyrir að svæðismarkið verði þróað áfram og útfært nánar í samhengi við hverja áherslugrein. Við þá vinnu er æskilegt að leitað verði frekar til íbúa svo tryggt sé að markið tali til þeirra eigin sjálfsmyndar og styrki hana um leið. Tekið er undir að kynning gagnvart íbúum er mikilvæg og við aðalskipulagsgerð verður tækifæri til að taka þessa hugsun áfram með íbúum í hverju þorpi.*
6. Í umfjöllun um sérkenni svæðisins þarf einnig að beina athygli að sérstöðu mannlífs. Öflugt félagslíf, samkennd, samvinna, manngæska og umburðarlyndi ætti að einkenna svæðið. Lausnamiðuð hugsun væri í hávegum höfð. Þannig sé sérstaðan í náttúru og sögu ekki allsráðandi í því sem dregið er fram.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Svæðisskipulagsnefnd tekur undir þessi gildi og telur að þau megi að einhverju leyti finna í þeim gildum sem lýst er í kafla 4.2 (þ.e. umhyggja, virðing, ást). Í kafla 5.2 um samsetningu svæðismarks segir að framangreind gildi geti líka talist hluti af svæðismarkinu þó þau séu dregin fram sérstaklega þar.*
7. Fjalla þarf um hvað fólk sem vill búa í dreifbýlinu getur gert annað en að búa með sauðfé og hvernig hægt er að skapa skilyrði til þess að aðstoða við það. Þar er ekki átt við aukastörf með búskap.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Áhersla svæðisskipulagsins á landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu er út frá þeim útgangspunkti að „auðlindagrunnur“ svæðisins, í víðum skilningi þess orðs, sé lykill að jákvæðri byggðaþróun, ásamt með góðum grunnkerfum vega, fjarskipta, rafmagns og vatns. Því er í tillöggunni og forsendugrunni hennar leitast við að draga fram tækifæri sem felast í náttúruauðlindum, landslagi, sögu, menningu og mannauði, innan meginatvinnugreina svæðisins. Þó svo að áherslan sé á þessar þrjár greinar þá er gert ráð fyrir að störf geti orðið til sem snúa t.d. að fræðimennsku, menntun og listsköpun. Hvort unnt verður að sinna þeim sem fullu starfi er utan umfangs þessa skipulagsverkefnis, en stutt er við að það geti orðið með stefnumótun um góð grunnkerfi.*
8. Í kafla um ferðaþjónustu vantar meiri áherslu á þorpin (og söfnin); að uppbygging og markaðssetning sé tengd sölustöðum.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Sjá svar við ábendingum nr. 3 og 4 en til að koma til móts við þessa ábendingu er eftirfarandi texta bætt inn í kafla 8.1: „Þorpin þrjú hafa hvert sína sérstöðu; Búðardalur er sveitaþorp, Reykhóla mætti kalla iðnaðar- eða jarðhitaporp og Hólmavík er dæmigert sjávarþorp. Þau gegna öll mikilvægu hlutverki sem þjónustustaðir.“  
Í kafla 8.3 verður bætt þessum texta: „Þorpin þrjú verði meginþjónustustaðir leiðanna en á hverri leið verði áfangastaðir og áningarstaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu (sjá kafla 8.4-8.8 um ferðaleiðir).“  
Í kafla 8.4 er bætt þessum texta: „Sett er fram stefna um hverja tegund stöðva hér á eftir en á öllum leiðunum er gert ráð fyrir að þorpin, eitt eða fleiri, verði lykilverkið komustaðir. Með því er leitast við að*

*fjölga ferðamönnum sem nýta sér þá þjónustu sem þar er fyrir og styðja um leið við þjónustu sem íbúar njóta.“*

9. Áherslu vantar á notkun myndefnis við kynningu á ferðþjónustu.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Texta um þetta er bætt inn í kafla 8.4 þar sem fjallað er um kynningu og markaðssetningu.*
  
10. Skilgreina ætti ferðaleiðir út frá þeim frekar en stöðum og svæðum, þar sem hætta er á að einstök svæði verði útundan. Sem dæmi eru nefndar ljósmyndaleiðir, söguleiðir, veisluleiðir, safnaleiðir, þjóðsagnaleiðir o.fl. Leiðirnar þarf svo að tengja betur við áningarstaðina þar sem söluvara er á boðstólum.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Hugsunin með ferðaleiðunum er sú að þær séu grunngerð sem ferðþjónustuaðilar geti nýtt sér við að þróa sínar „ferðavörur“. Þær ferðavörur geta verið ýmiskonar þemaferðir. Til að skýra þetta betur er eftirfarandi texta bætt inn í kafla 8.1: „Þemaferðirnar gætu t.d. snúist um ljósmyndun, fuglaskoðun, handverk, Íslendingasögur, þjóðsögur, söfn og framleiðslu.“ Til að hnykkja enn betur á þessu er texta í kafla 8.2 um markmið og leiðir breytt til samræmis.*
  
11. Fjalla ætti um sérfræðistörf í sér kafla, þ.m.t. fræðistörf, störf við nýsköpun og í skapandi greinum ásamt störfum sem þarf til að framfylgja áætluninni.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Í köflum um áherslusvið áætlunarinnar; landbúnað, sjávarnytjar og ferðþjónustu, eru settar fram þrjár tegundir leiða að markmiðum: 1. Leiðir sem snúa að umhverfi og auðlindum, 2. Leiðir sem snúa að framleiðslu og starfsemi og 3. Leiðir sem snúa að menningu og þekkingu. Í þeim tveimur síðastnefndu er m.a. fjallað um nýsköpun, rannsóknir og uppbyggingu þekkingar. Tillagan verður yfirfarin m.t.t. þess hvort skerpa megi frekar á þessum vinkli. M.a. verður þessu markmiði bætt inn: „Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.“*
  
12. Fjalla ætti um um menntamál, skóla og endurmenntun í sér kafla til að nýta og virkja mannauð sem best.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Sjá svar við 11. ábendingu.*
  
13. Fjalla ætti um hvernig eigi að virkja unga fólkið og brottflutta; stækka og virkja tengslanet svæðisins.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Tillagan verður yfirfarin með þetta í huga.*

### **Ábendingar frá Svavari Gestssyni**

1. Skerpa mætti áherslu á menningu og sögu í framtíðarsýn, leiðarljósum og svæðismarki tillögunnar og vekja þannig athygli fólks bæði utan og innan svæðis á sögulegri sérstöðu þess.  
*Svör svæðisskipulagsnefndar: Tillagan verður yfirfarin með þetta í huga.*
  
2. Virkja ætti íbúa og velunnara til að halda þeirri sérstöðu á lofti, t.d. með því að virkja grunnskóla, brottflutta og átthagafélög.

*Svör svæðisskipulagsnefndar: Tillagan verður yfirfarin með þetta í huga. Jafnframt er bent á að í leiðum að markmiðum sem snúa að menningu og þekkingu er komið inn á verkefni í skólum.*

3. Í köflum um landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu ætti jafnvel að nefna helstu fyrirtæki á svæðinu sem mögulega samstarfsaðila og funda með þeim um tillöguna, til að virkja þau beint til þátttöku í þróun svæðisins.

*Svör svæðisskipulagsnefndar: Tekið er undir mikilvægi þess að virkja fyrirtæki á svæðinu en ekki þykir rétt að tilgreina einstök fyrirtæki því sá listi getur aldrei verið tæmandi. Hinsvegar er brugðist við þessari ábendingu með því að tilgreina matvælafyrirtæki og önnur framleiðslufyrirtæki almennt sem mögulega samstarfsaðila við framfylgd áætlunarinnar. Þegar kemur að framfylgd mun þurfa að ákveða hvernig staðið verður að því að virkja fyrirtæki, samtök og aðra aðila.*

4. Bæta mætti fleiri áningarstöðum inn á ferðaleiðir, t.d. Kvígindisfirði og Múlanesi.

*Svör svæðisskipulagsnefndar: Kort verða yfirfarin með þetta í huga en bent er á að einungis eru sýndir núverandi áningarstaðir Vegagerðarinnar og gert ráð fyrir að nýir bætist við. Kortin sýna því ekki alla staði sem koma til greina sem áningarstaðir. Staðsetning þeirra verður ákveðin í aðalskipulagi.*

5. Ýmis fyrirtæki vantar á lista yfir umsagnaraðila. Einnig kirkjur.

*Svör svæðisskipulagsnefndar: Tekið er undir mikilvægi þess að ná til fyrirtækja við mótun svæðisskipulagstillögu og umfjöllun um hana. Á vinnslutímanum sem liðinn er var fjölmörgum aðilum boðið á tvo samráðsfundi. Ekki þykir rétt að tilgreina einstök fyrirtæki á umsagnarlista því sá listi getur aldrei verið tæmandi. Reynt er að ná til aðila í gegnum samtök og með almennri auglýsingu í sveitarfélögunum. Áformaðir kynningarfundir svæðisskipulagstillögu verða auglýstir í september/október.*

### **Ábendingar frá Þórði Ingólfssyni, formanni Hestamannafélagsins Glaðs**

1. Tekið er undir framtíðarsýn og áherslur eins og þeim er lýst í 4. og 5. kafla og lýst vilja til að taka þátt í að skilgreina svæðisreiðleið og eiga samstarf um önnur mál sem geta varðað hestamennsku á svæðinu.

*Svör svæðisskipulagsnefndar: Nefndin þakkar fyrir jákvæða umsögn. Tillaga að legu svæðisreiðleiðar verður send til umsagnar hestamannafélaga á svæðinu í september.*

### **2. Fullvinnsla tillögu og kynning í október**

Svæðisskipulagsnefnd felur skipulagsráðgjafa að fullvinna svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu á grunni ofangreindra sjónarmiða nefndarinnar. Nefndin samþykkir jafnframt að kynna tillöguna í kjölfarið í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, ásamt umhverfisskýrslu og senda til umsagnaraðila til umsagnar. Kynning fari fram á opnum fundum, einum í hverju sveitarfélagi um miðjan október nk. auk þess sem tillagan verði kynnt á vefjum sveitarfélaga og verkefnisins. Að aflokinni þeirri kynningu verði unnið úr umsögnum sem berast og gengið frá svæðisskipulagstillögu og hún lögð fyrir sveitarstjórnir til

samþykktar áður en hún er send Skipulagsstofnun til athugunar í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.15